

Niðurstöður samstarfshóps um aðkomu háskóla að starfsþróun stjórnenda og kennara í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum landsins - 14. maí 2019

Viðfangsefni hópsins var að fjalla um og koma með tillögur um, með hvaða hætti er hægt að formgera hlutverk og skyldur háskólanna á sviði starfsþróunar á vettvangi skóla og í uppbyggingu stoðkerfis við starfsþróun. Þetta er liður í viðamikilli vinnu og tillögugerð *samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda*.

Vinnuhópurinn skipaðu: Birna María Svanbjörnsdóttir (HA), Guðrún Ragnarsdóttir (HÍ), Kolbrún Þ. Pálsdóttir (HÍ), Kristín Valsdóttir (LHÍ) og Sonja Dögg Pálsdóttir (MRN). Með hópnum starfaði Sólrún Harðardóttir starfsmaður samstarfsráðsins.

Í vinnu sinni gekk hópurinn út frá skilgreiningu fagráðs frá 2016 á hugtakinu starfsþróun (sjá: <https://starfsthrounkennara.is/hugtakid-starfsthroun/>). Þar kemur fram að starfsþróun sé samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Gengið er út frá því að beintengja starfsþróun daglegu starfi kennara og skólastjórnenda með nemendum og starfsfólki skóla. Starfsþróun verður þannig skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Með þessu fyrirkomulagi hefur starfsþróun kennara og skólastjórnenda skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu þeirra og auka gæði í skólastarfi. Hún á sér að sama skapi stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun.

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda felur þá m.a. í sér:

- Formlegt nám.
- Innleiðingu í starf á fyrsta starfsári.
- Þátttöku í ýmiskonar námskeiðum.
- Rannsóknir á eigin starfi.
- Þátttöku í þróunarverkefnum.
- Ráðgjöf.
- Þátttöku í ráðstefnum.
- Fræðilestur.
- Skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt.

Staðan

Samstarfsráð um starfspróun kennara og skólastjórnenda hefur staðið fyrir þróunarverkefni um uppbyggingu stoðkerfis til starfspróunar. Unnið er að verkefninu í fjórum skólum; í leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla. Í verkefninu er gert ráð fyrir þremur grunnstoðum sem allar mynda stoðkerfi við starfspróun kennara og skólastjórnenda en þær eru:

1. Ígrundun í starfi, starfendarannsóknir og lærdómssamfélag í skólastarfi.
2. Samstarf um starfspróun og skólaþróun innan og milli skóla.
3. Samstarf háskóla og skóla um starfspróun og skólaþróun.

Samkvæmt þessum grunnstoðum er mikilvægt að háskólar komi að starfi sem þessu. Þeir hafa þegar byggt upp formlegt fyrirkomulag í kringum starfspróun kennara og gegna mikilvægu hlutverki ekki síst í gegnum nám og rannsóknir. Einnig bjóða háskólar upp á fjölbreytt framhaldsnám fyrir starfandi kennara eins og formlegt nám í starfstengdri leiðsögn. Fjöldi rannsókna sem unnar eru innan háskólanna beinast að því að styðja við fag- og skólaþróun innan menntakerfa og skóla. Jafnframt veita háskólar ráðgjöf og styðja við rannsóknir kennara og stjórnenda á eigin starfi og mati á verkefnum tengdum skólaþróun. Ráðstefnur, málþing og útgáfa fræðiritra eru liður í þekkingarmiðlun og mikil eftirspurn er eftir ráðgjöf og fræðslu frá háskólasamfélaginu.

Frumvarp til breytinga á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda var lagt fram á vorþingi 2019 og standa væntingar til þess að ný og endurskoðuð lög, auk lengingar á starfsnámstíma kennaranema, geti skapað ýmis tækifæri til öflugri tengingar háskólanna við starfspróun á vettvangi.

Hindranir

Ljóst má vera að háskólar hafa faglega burði til að taka þátt í starfspróun kennara á vettvangi, en ýmsar hindranir standa í vegi fyrir því að þeir geti gert það af þeim krafti sem þeir hafa vilja og sýn til. Þessar hindranir eru eftirfarandi:

- Í lögum um opinbera háskóla (nr. 85/2008, með síðari breytingum, síðast nr. 56/2013) er ekki tilgreint að verksvið háskólakennara skuli beinast að starfspróun kennara og skólastjórnenda á vettvangi.
- Ekki er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni til háskóla vegna stuðnings við starfspróun kennara á vettvangi.
- Stuðningur við starfspróun kennara er ekki formlega skilgreindur í vinnumatskerfi háskólanna.
- Hlutverk háskóla í starfspróun á vettvangi er óskýrt og ómarkvisst.

Til að tryggja markvissa aðkomu og virkni akademískra starfsmanna í starfsþróun kennara og stjórnenda á vettvangi þarf að hugsa aðkomu háskólanna með öðrum hætti en gert hefur verið hingað til.

Tillögur

Niðurstöður vinnuhópsins má lesa í eftirfarandi töflu. Sem andsvar við þeim hindrunum sem greint hefur verið frá var sett fram framtíðarsýn og tillögur að útfærslu hennar. Jafnframt er tiltekið hver ber ábyrgð á tilteknum atriðum og hvaðan fjármagnið þyrfti að koma.

Framtíðarsýn	Útfærsla / tillaga	Ábyrgðaraðilar	Fjármögnun
Stuðningur við starfsþróun kennara sé eitt af lögbundnum hlutverkum háskólakennara sem mennta kennara.	Breyta þarf lögum um háskóla. Þar þarf að koma fram að háskólunum sé ætlað þetta mikilvæga hlutverk.	Alþingi og MRN	Fjárlög
Háskólar hafi nægt fjármagn til að taka markvisst þátt í starfsþróun á vettvangi.	Auka þarf fjármagn til háskólanna sem eyrnamerkt er starfsþróun kennara og skólastjórnenda.	MRN, fjármála-ráðuneytið og háskólarnir	Fjárlög og deililíkan háskóla
Hlutverk háskóla í starfsþróun á vettvangi sé skýrt.	Háskólar móti stefnu um aðkomu sína að starfsþróun kennara og skólastjórnenda í samvinnu við skólasamfélagið og aðra hlutaðeigandi.	Háskólar	Háskólar og hlutaðeigandi
Aðkoma háskólakennara að starfsþróun verði metin og skilgreind í vinnumatskerfi háskólanna.	Skilgreina þarf samstarf og ráðgjöf við vettvang sem hluta af starfskyldum háskólakennara. Fella mætti þessa vinnu undir kennslu og rannsóknarhluta háskólakennara og skilgreina hana inn í stigamatskerfi akademískra starfsmanna.	Háskólarnir og stéttarfélög háskólakennara	Háskólar